



GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Garðabæ, 24.03.2022
Málsnr. 2110166

Efni: Breyting á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030, Urriðaholt og breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, norðurhluta 4.

Þann 3. febrúar sl. samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 36. gr. sömu laga breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 breytingu á reitum 5.04 Vþ, 5. 08 Vþ og 5.05 Íb. (Mál nr. 2110166) Samhliða er lagt til að auglýst verði breyting á deiliskipulagi 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Urriðaholtsstræti 9.

Breytingin er aðgengileg á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is, og í þjónustuveri Garðabæjar. Birt verður auglýsing um kynningu hennar í Fréttablaðinu, Garðapóstinu, Lögbirtingu og á heimasíðu Garðabæjar.

Óskað er eftir umsögn skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga frá eftirfarandi, Svæðisskipulagsnefnd Höfuðborgarsvæðisins, Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarbæ, Umhverfisstofnun, Vegagerðin og Minjastofnun.

Umsagnir skulu berast fyrir 4. maí 2022 á netfangið skipulag@gardabaer.is eða á bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.

Virðingarfyllst,

Arinbjörn Vilhjálmsson,
skipulagsstjóri

